

Fundur Betadeildar föstudaginn 11. september 2009.

Fundarstaður: Laugar í Reykjadal

Dagskrá:

1. Lagt af stað frá HA kl. 16:30.
2. Framhaldsskólinn á Laugum heimsóttur.
3. Húsmæðraskólinn á Laugum heimsóttur.
4. Kvöldverður í Stórulaugum.
5. Stuttur fundur um dagskrá vetrarins.
6. Heimferð áætluð kl. 21:30.

Nítján konur biðu eftir rútu við HA. Rútan kom kl. 16:30 eins og áætlað var og undir stýri sat Sigrún Ingveldur dóttir Sigrúnar Magnúsdóttur Betasystur en hún hafði boðist til að keyra okkur án endurgjalds. Erna hafði fengið góðan díl um rútu. Þetta varð til þess að ferðin varð mun ódýrari en gert var ráð fyrir í upphafi en það er sannarlega gleðiefni á þessum síðustu og verstu tímum. Guðrún og Hanna komu keyrandi frá Húsavík.

Komið var að Framhaldsskólanum á Laugum um kl. 17:30. Á móti okkur tók Arnór Benónýsson kennari við skólann. Hann fræddi okkur um sögu skólans og starfið eins og það er í dag en undanfarin ár hefur verið unnið forvitnilegt þróunarstarf í skólanum, sem fól í sér miklar breytingar. Þetta kynnti hann allt fyrir okkur auk þess að fræða okkur um sögu skólans og litarins á þakinu. Góður rómur var gerður að kynningu hans.

Sverrir Haraldsson kennari við skólann sagði okkur frá byggingum Framhaldsskólans og fræddi okkur um grunnskólann. Við fengum okkur göngutúr með honum um svæðið þar sem hann benti okkur á ýmislegt merkilegt á þessum fallega stað.

Göngutúrinna endaði við Húsmæðraskólann á Laugum þar sem Aðalbjörg Pálsdóttir kvenfélagskona tók á móti okkur. Hún sagði okkur frá merkilegri sögu Húsmæðraskólans og að ekki væri búið að finna húsinu hlutverk í dag. Heimsókninni lauk með ferð um húsnaðið en þar var margt sem gladdi augað.

Eftir alla þessa fræðslu var hoppað upp í rútna og Sigrún keyrði okkur að Stórulaugum. Þar beið okkar dýrindis matur. Undir borðum kynnti Eygló drög að dagskrá vetrarins. Rætt var um tímasetningar á fundum og hvenær bera ætti veitingar fram á þeim. Samþykkt var að stjórnin myndi ákveða þetta. Hugmynd kom fram um að þegar matarfundir væru gætu þeir byrjað fyrr. Eygló þakkaði Sigrúnu Ingveldi, Ernu og Maríu fyrir þeirra framlag til þessarar ferðar og færði bílstjóranum smá þakklætisvott frá Betasysturum. Eftir skemmtilega kvöldstund héldu konur heim á leið á tilsettum tíma.

Komið til Akureyrar um kl. 23.

Ritari
Þorgerður